



Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um húsnæðisbætur, nr. 75/2016 (grunnfjárhæðir og fjöldi heimilismanna), 1075. mál

10. maí 2024

Landssamtökin Þroskahjálpar þakka fyrir að hafa fengið frumvarpið til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi það.

Landssamtökin Þroskahjálpar vinna að réttinda- og hagsmunamálum fatlaðs fólks, með sérstaka áherslu á fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir og einhverft fólk og fötluð börn og ungmenni. Samtökin byggja stefnu sína á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, barnasáttmála SP og öðrum fjölþjóðlegum mannréttindasamningum, sem og heimsmarkmiðum SP, sem hafa það meginmarkmið að **skilja engan eftir**.

Þroskahjálpar rekur húsbýggingasjóð sem byggir og kaupir íbúðir sem eru leigðar fötluðu fólki. Markmið með rekstri húsbýggingasjóðs Þroskahjálpar er að greiða fyrir að ríki og sveitarfélög standi betur og fyrr við lagalegar skyldur sínar um að sjá fötluðu fólk fyrir hentugu húsnæði fyrir leigugjald sem það ræður við. Húsbýggingasjóður Þroskahjálpar á nú og rekur um 90 íbúðir á nokkrum stöðum á landinu sem leigðar eru fötluðu fólki samkvæmt ákvörðun viðkomandi sveitarfélaga.

Í 9. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, segir:

Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu. Um húsnæði fyrir fatlað fólk gilda ákvæði skipulags- og byggingarlaga, lög um húsnæðismál og lög um almennar íbúðir, eftir því sem við á.

Fatlað fólk á rétt á því að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra. Óheimilt er að binda þjónustu við fatlað fólk því skilyrði að það búi í tilteknu búsetuformi.

Og í ákvæði I til bráðabirgða í lögnum segir:

Fötluðu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 9. gr.

Þrátt fyrir að þessi skýra lagaskylda til að sjá fötluðu fólk fyrir húsnæði hafi hvílt á ríki og sveitarfélögum í mörg ár og þrátt fyrir að íslenska ríkið hafi fullgilt samning SP um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og þar með skuldbundið sig til að framfylgja ákvæðum hans, þ.m.t. framgreindum ákvæðum 19. gr. samningsins, er framkvæmd ríks og sveitarfélaga á þessu sviði algjörlega óforsvaranleg.

Í skýrslu starfshóps um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018, sem skilað var til félags- og vinnumarkaðsráðherra vorið 2022, kemur fram að 323 fatlaðir einstaklingar hafi þá verið á biðlista eftir húsnæði og 163 hafi búið í herbergjasambýlum og að samkvæmt því þurfi að byggja

allt að 486 íbúðir til að eyða biðlistum og leggja niður herbergjasambýli. Því miður er ekkert tilefni til að ætla að þetta ólíðandi ástand hafi batnað verulega og raunar er tilefni til að ætla að það hafi versnað.

Margt fólk með þroskahömlun og/eða skyldar fatlanir hefur beðið eftir íbúð, sem það á lagalegan rétt á, mjög lengi. Dæmi eru um að fólk hafi þurft að bíða yfir áratug og jafnvel lengur eftir að eignast eigið heimili. Með þessari óforsvaranlegu og ólöglegu framkvæmd er vegið mjög alvarlega að margvíslegum mikilvægum mannréttindum, s.s. réttinum til sjálfstæðs og eðlilegs lífs, og réttinum til að eiga einkalíf og fjölskyldulíf.

Íslenska ríkið fullgilti samning SP um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt sig þar með til að framfylgja öllum ákvæðum hans. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að samningurinn verði lögfestur og nú er í gangi af hálfu ríkisins sérstök landsáætlun um innleiðingu hans.

4. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks hefur yfirskriftina **Almennar skuldbindingar**. Þar segir:

1. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að efla og tryggja að fullu öll mannréttindi og grundvallarfrélsi fyrir allt fatlað fólk án mismununar af nokkru tagi á grundvelli fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

a) að samþykkja alla viðeigandi löggjöf og ráðstafanir á sviði stjórnsýslu og aðrar ráðstafanir til að tryggja þau réttindi sem viðurkennd eru með samningi þessum,

b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar á meðal með lagasetningu, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismunun gagnvart fötluðu fólki, verði breytt eða þau afnumin,

c) að taka mið af vernd og framgangi mannréttinda fatlaðs fólks við alla stefnumótun og áætlanagerð, ... (Feitletr. Þroskahj.)

Í 19. gr. samningsins, sem hefur yfirskriftina **Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu**, segir:

Aðildarríki samnings þessa viðurkenna jafnan rétt alls fatlaðs fólks til að lifa í samfélaginu og eiga valkosti til jafns við aðra og skulu gera árangursríkar og viðeigandi ráðstafanir til þess að fatlað fólk megi að fullu njóta þessa réttar og fullrar aðildar og þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, meðal annars með því að tryggja:

a) að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima í tilteknu búsetuformi ... (Feitletr. Þroskahj.)

Í 28 gr. samningsins sem hefur yfirskriftina **Viðunandi lífskjör og félagsleg vernd**, segir:

1. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks og fjölskyldna þess til viðunandi lífskjara, þar á meðal viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis, og til sífellt batnandi lífsskilyrða og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika án mismununar á grundvelli fötlunar.

2. Aðildarríkin viðurkenna rétt fatlaðs fólks til félagslegrar verndar og til þess að njóta þess réttar án mismununar á grundvelli fötlunar og skulu gera viðeigandi ráðstafanir til að tryggja og stuðla að því að þessi réttur verði að veruleika, þar á meðal ráðstafanir: ...

d) til þess að tryggja fötluðu fólki aðgang að húsnæðiskerfi á vegum hins opinbera, ... (Feitletr. og undirstr. Þroskahj.)

Frumvarp það sem hér er til umsagnar er hluti af stuðningspakka stjórnvalda við nýgerða kjarasamninga. **Kjarasamninga sem ná ekki til örorkulífeyris.** Tilgangur og markmið þessa frumvarps er að draga úr íþyngjandi húsnæðiskostnaði leigjenda. Í frumvarpinu er lagt til 25% hækkun á grunnfjárhæð húsnæðisbóta til leigjenda og aukið tillit er tekið til fjölskyldustærðar.

Margt fólk með þroskahömlun og einhverft fólk og fólk með skyldar fatlanir fatlanir býr eitt og hefur ekki aðrar tekjur en örorkulífeyri, sem er í dag 462.000 en stendur til að hækka í 467.000 eftir 16 mánuði, samkvæmt frumvarpi félags- og vinnumarkaðsráðherra um breytingu á ýmsum lögum vegna endurskoðunar örorkulífeyriskerfis almannatrygginga, sem nú er til meðferðar á Alþingi.

Samkvæmt frumvarpi því sem hér er til umsagnar hækka húsnæðisbætur til þessa hóps úr 487.601 á ári eða 40.672 á mánuði í 609.504 eða 50.780 kr á mánuði. Það er augljóst að þessi hópur á sér mjög litla von að leigja á almennum markaði, eins og staðan er þar nú og verður fyrirsjáanlega áfram á næstu misserum og líklega árum.

Samkvæmt viðmiðum í lögum um almennar íbúðir og reglum sem settar hafa verið á grundvelli þeirra, skal húsaleiga ekki vera hærrí en svo að hún nemi 25% af tekjum leigjenda. Í 28. gr. reglugerðar nr. 183/2020 um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfs-eignarstofnanir og almennar íbúðir, m. s. br., segir:

Leigufjárhæð fyrir almennar íbúðir skal ákveðin þannig að rekstur eiganda þeirra sé sjálfbær og geti staðið skil á þeim greiðslum sem honum ber að greiða, þ.m.t. öllum kostnaði við rekstur íbúðar, þar á meðal lóðar og sameignar sem tilheyrir henni, sem og greiðslum í viðhaldssjóð og Húsnæðismálasjóð. Við leigu skulu bætast 2% af árlegu endurstofnsverði almennrar íbúðar til að standa undir rekstrar- og viðhaldskostnaði og skal helmingur þess fjár renna í viðhaldssjóð, sbr. 27. gr.

Samkvæmt ofangreindu getur einstaklingur, sem hefur ekki aðrar tekjur en örorkulífeyri og býr einn, því greitt kr. 167.542 í leigu á mánuði, verði frumvarp þetta að lögum.

Ef tekið er dæmi um misverðlagðar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu, þar sem fengið er stofnframlag og viðbótarstofnframlag og tekið er 50 ára lán á 4% vöxtum sem er það lægsta sem afborgun getur orðið, lítur dæmið svona út :

	50 m. kr íbúð á höfuðborgarsvæðinu	40 m. kr íbúð á höfuðborgarsvæðinu	30 milljón kr íbúð á höfuðborgarsvæðinu
Afborgun lána	- 136.500	- 121.680	- 93.600
Rekstrarkostnaður og opinber gjöld	- 89.000	- 73.000	- 52.000
Hámark leigu	167.542	167.542	167.542
Niðurstaða	- 57.958	- 27.138	21.942

Reikningsdæmið gengur ekki upp nema fyrir íbúð sem kostar 30 m.kr. Íbúð sem kostar 40 m.kr. er ekki hægt að reka á sjálfbæran hátt þó að hámarksleiga sé rukkuð af leigjanda með örorkulífeyri upp á 467.0000.

Samkvæmt útreikningum er því hugmynd stjórnvalda um viðunandi húsnæði fyrir fólk sem er á örorkulífeyri íbúðir á verðbilinu 30-35 milljónir.

Flestar íbúðir á höfuðborgarsvæðinu og víða um land sem samtökin telja viðunandi og hentugt húsnæði fyrir fólk með fötlun eru töluvert dýrari en 30-35 milljónir.

Landssamtökin Þroskahjálp lýsa miklum vilja til áframhaldandi virks og náins samstarfs og samráðs við hlutaðeigandi stjórnvöld og Alþingi um þau mikilvægu mál sem hér eru til umfjöllunar og vísa í því sambandi til til 3. mgr. 4. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks, sem hefur yfirskriftina **Almennar skuldbindingar**:

Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.

Samtökin óska eftir að fá að koma á fund velferðarnefndar til að gera nefndinni betur grein fyrir áherslum sínum og sjónarmiðum varðandi frumvarpið.

Virðingarfyllt,

Unnur Helga Óttarsdóttir, formaður Þroskahjálpar

Bryndís Matthíasdóttir, skrifstofustjóri Þroskahjálpar

Þórarinn Snorri Sigurgeirsson, verkefnastjóri hjá Þroskahjálp